



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Nefndarsvið Alþingis
Alþingi v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

17. mars 2015
Tilvísun: 2015030022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, 581. mál.


Fjármálaeftirlitið vísar til erindis yðar varðandi umsögn um ofangreint frumvarp, en þar eru lagðar til breytingar á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999 á þann veg að innstæður fjármálafyrirtækja í slitameðferð, hvort sem þau hafa starfsleyfi eða ekki, njóti ekki tryggingaverndar samkvæmt lögnum.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en vill vekja athygli á að endurskoða þarf orðalag 1. gr. frumvarpsins. Annars vegar tilvísun frumvarpsins til innstæðna fjármálafyrirtækja í skilameðferð þar sem núgildandi lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki kveða ekki sérstaklega á um skilameðferð fjármálafyrirtækja. Hins vegar tilvísun frumvarpsins til fyrirtækja sem misst hafa starfsleyfi sín sem fjármálafyrirtæki en það er t.d. ekki útilokað að slitameðferð fjármálafyrirtækja ljúki með nauðasamningum þannig að fyrirtækið haldi áfram annars konar starfsemi að lokinni slitameðferð. Að undanskilja innstæður þeirra fyrirtækja tryggingarvernd samræmist vart þeim sjónarmiðum sem búa að baki frumvarpinu.

Með vísan til framangreinds leggur Fjármálaeftirlitið til að 1. tölul. 6. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: *innstæður í eigu fjármálafyrirtækja og fjármálafyrirtækja í slita- og gjaldprotaskiptameðferð hvort sem fyrirtækin hafa starfsleyfi eða ekki.*

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Anna Mjöll Karlsdóttir


Björk Sigurgísladóttir

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök
Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5 - 108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.0581
Dags. 16.3.2015

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 581. mál á 144. löggjafarþingi

Breyting laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta
(undantekningar frá tryggingavernd)

Frumvarp það sem hér um ræðir lýtur að því að undanskilja innstæður fallinna fjármálafyrirtækja hjá starfandi fjármálafyrirtækjum frá tryggingavernd innstæðutryggingakerfisins. Hagsmunasamtök heimilanna eru í grundvallaratriðum samþykkt efni frumvarpsins. Í ljósi þess að fjármálafyrirtæki með gild starfsleyfi njóta ekki tryggingaverndar er engin ástæða til þess að fjármálafyrirtæki sem hafa verið svipt slíku starfsleyfi fái notið slíkrar verndar. Á það jafnt við hvort sem slík fyrirtæki hafi verið tekin til slitameðferðar eða verið svipt starfsleyfi af öðrum ástæðum.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta líti svo á að fjármálafyrirtæki í slitameðferð teljist ekki fjármálafyrirtæki í skilningi laga nr. 161/2002 og innstæður þeirra njóti því tryggingaverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 og telji jafnframt vera lagaóvissu um stöðu þessara innstæðna. Hagsmunasamtökin telja að þar sé reyndar tekið full djúpt í árinna, og slík hætta sé að svo stöddu með hliðsjón af eignarhaldi slitabúa gömlu bankanna og ríkissjóðs í nýju bönkunum, ekki beinlínis yfirvofandi. Samkvæmt 6. tl. 6. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 eru innstæður félaga í sömu samsteypu og þau sem falla undir 1. tölul. nú þegar undanskildar tryggingu, og samkvæmt 4. tl eru innstæður fyrirtækja að meiri hluta í eigu opinberra aðila einnig undanskildar tryggingu. Því er ljóst að frumvarpið mun því ekki hafa í för með sér neina efnislega breytingu á réttarstöðu innstæðna núverandi slitabúa. Aftur á móti er full ástæða til þess að kveða skýrar á um þetta í lögum, ekki síst í forvarnarskyni vegna ófyrirséðra aðstæðna sem komið gætu upp í framtíðinni, t.d. ef slíkt fyrirtæki tilheyrði hvorki fjármálasamsteypu né ríkissjóði.

Þar sem hér er um að ræða fyrirhugaða breytingu á lögum um innstæðutryggingar í því skyni að fyrirbyggja ónauðsynlegra áhættu tryggingakerfisins, er af því tilefni rétt að vekja athygli á annarri alvarlegri hættu sem steðjar að tryggingakerfinu og er mun brýnna að bregðast við. Sú hætta felst í útgáfu fjármálafyrirtækja á sértrygðum skuldabréfum. Með lögum nr. 125/2008, svokölluðum neyðarlögum, var kröfum vegna innstæðna veittur forgangur við slit fjármálafyrirtækis með réttthæð skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Með veðsetningu í tengslum við skuldabréfaútgáfu færast slíkar veðkröfur hinsvegar undir 111. gr. og framar í forgangsröð. Þannig sniðgengur slík útgáfa í raun forgang krafna vegna innstæðna samkvæmt neyðarlögum.

Um útgáfu sértryggðra skuldabréfa fer samkvæmt lögum um sértryggð skuldabréf nr. 11/2008, lögum um samningsveð nr. 78/1997 o.fl. Athygli er jafnframt vakin á því að fyrir yfirstandandi 144. löggjafarþingi liggur frumvarp til laga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir (4. mál, þskj. 4) sem lýtur að veðsetningu á fjárhagslegum eignum þ.á.m. skuldakröfum. Slíkri veðsetningu svipar að mörgu leyti til útgáfu sértryggðra skuldabréfa, einnig hvað varðar neikvæð áhrif á grundvöll innstæðutrygginga. Um þetta vísast nánar til umsagnar samtakanna við það frumvarp.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa lagt fram tillögur þess efnis að gert verði að skilyrði fyrir aðild fjármálafyrirtækis að innstæðutryggingakerfinu, að viðkomandi fyrirtæki verði þar með óheimilt að veðsetja eignir sínar til annarra en innstæðutryggingasjóðs. Enda er það forsenda þess að hægt sé að ráðstafa þeim eignum til þess að standa að baki tryggðum innstæðum, í samræmi við hina margreyndu aðferðafræði sem beitt hefur verið til að bjarga bankainnstæðum hér á landi.

Ofangreindu markmiði væri hægt að ná með einföldu og hófsömu úrræði, sem felst í því að veita innstæðutryggingasjóði lögtaksrétt og lögveðsrétt til tryggingar kröfum vegna tryggðra innstæðna. Lögveðshugtakið og réttaráhrif þess eru vel þekkt að íslenskum rétti og eru jafnframt viðurkennd úrræði til þess að tryggja ýmis lögvarin réttindi. Hér að neðan má sjá tillögu þessa efnis sem Hagsmunasamtök heimilanna hvetja til þess að verði tekin verði til athugunar í tengslum við það frumvarp sem hér er til umsagnar. Samtökin gera ekki athugasemdir við efni frumvarpsins að öðru leyti og eru fylgjandi því að það verði samþykkt, helst svo breytt sem hér segir.

Breytingartillaga

Á eftir 1. gr. frumvarpsins komi ný grein svohljóðandi:

2. másl. 3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Krafa sjóðsins nýtur lögtaksréttar og lögveðsréttar sem gengur frammar samningsveðum og er jafnframt aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Greinargerð:

Tillaga þessi felur það í sér að kröfum tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta vegna trygginga sjóðsins verði veittur lögtaksréttur og lögveðsréttur í eignum tryggðra aðila. Talin er brýn nauðsyn á að greiða fyrir ráðstöfun þeirra eigna reynist þess þörf til að tryggja innstæður. Jafnframt þarf sá réttur að ganga frammar samningsveðum, til dæmis vegna sértryggðra fjármálagerninga og fjárhagslegra tryggingarárstafana af svipuðum toga.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Pálmei Gísladóttir, varaformadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2015

Efni: Umsögn laganefndar LMFÍ vegna frumvarps til laga um um breytingu á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum (undantekningar frá tryggingavernd) sem var lagt fyrir 144. löggjafarþing 2014-2015.

Vísað er til tölvuskeytis frá nefndasviði Alþingis hinn 9. mars 2015, þar sem að laganefnd Lögmannafélags Íslands var boðið að skila umsögn um ofangreint frumvarp. Í tilefni af tölvuskeytinu beinir laganefnd Lögmannafélags Íslands eftirfarandi erindi til nefndarinnar.

Lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta hafa frá upphafi undanskilið innstæður fjármálafyrirtækja tryggingu skv. 1. mgr. 9. gr. laganna.

Með umræddu frumvarpi er ætlunin að taka af allan vafa þess efnis að innstæður fallinna fjármálafyrirtækja, þ.e. fjármálafyrirtækja sem eru í skila-, slita- eða gjaldþrotameðferð eða fjármálafyrirtæki sem misst hafa starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki, séu undanskildar tryggingavernd 1. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999. Laganefnd tekur undir að rétt sé að mæla skýrt fyrir um réttarstöðu fallinna fjármálafyrirtækja að þessu leyti þó færa mætti að því rök að sama gildi um fallið fjármálafyrirtæki að þessu leyti eins og starfandi fjármálafyrirtæki.

Laganefnd bendir þó á að huga þurfi betur að tilgreiningu hinna föllnu fjármálafyrirtækja en gert er í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er rétt að benda á að einn tilgangur laga nr. 44/2009 um breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var að kveða á um að fallin fjármálafyrirtæki sættu slitameðferð undir stjórn slitastjórnar þó skilaneindir hefðu þá (þ.e. 15. apríl 2009) enn afmörkuðu hlutverki að gegna sem telja má í öllum tilvikum lokið. Laganefnd efast þ.a.l. um að enn sé þörf á tilgreiningu til „skilameðferðar“, líkt og gert er í frumvarpinu.

Í öðru lagi bendir laganefnd á að nú eru 11 fallin fjármálafyrirtæki í slitameðferð undir stjórn dómskipaðrar slitastjórnar eftir því sem laganefnd kemst næst. Á sama tíma virðast 9 lögaðilar, hafa sætt slitameðferð samkvæmt 12. kafla laga nr. 161/2002, en slitameðferð þessara aðila er lokið að hluta eða slitameðferð þeirra hefur fallið niður af öðrum ástæðum. Hér er m.a. um að ræða Sparisjóðabanka Íslands hf., Straum-Burðarás fjárfestingabanka hf. og Frjálsa Fjárfestingabankann hf. Þar sem tilgangur umræddrar lagabreytingar er að taka af öll tvímæli um það að tryggingaverndin taki ekki til innlána fallinna fjármálafyrirtækja er þörf á að tryggja að hún nái örugglega til allra ofangreindra aðila. Umræddir aðilar eru vissulega fallinn fjármálafyrirtæki en virðast þó ekki lengur í hinni eiginlegu slitameðferð þó henni sé heldur ekki formlega lokið með formlegri lúkningu starfa slitastjórna. Af 3. mgr. 103. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki verður ráðið að slitameðferð er ekki lokið fyrr en slitastjórn hefur efnt skuldbindingar skv. nauðasamningi í þeim tilvikum sem skuldaskilum fallinna fjármálafyrirtækja lýkur með nauðasamningi. Eftir því sem laganefnd LMFÍ getur verið um það kunnugt virðist ekkert ofangreint slitabú vera búið að efna skuldbindingar skv.

nauðasamningi enn sem komið er. Í því skyni að taka af öll tvímæli telur laganefnd rétt að tilgreina í ákvæði 1. gr. frumvarpsins að reglan taki til fjármálafyrirtækja í slitameðferð sem ekki hafa efnt skuldbindingar skv. nauðasamningi. Þannig kæmi á eftir orðinu „gjaldþrotameðferð“ í 1. gr. eftirfarandi: „...fjármálafyrirtækja í slitameðferð sem ekki hafa efnt skuldbindingar skv. nauðasamningi...“

Vegna ákvæðis 2. gr. laganna og ummæla í greinargerð um að ekki sé gert ráð fyrir að iðgjöld sem innheimt hafa verið á fyrri tímabilum vegna „sömu innlána“ verði endurgreidd, vill laganefnd benda á eftirfarandi. Ef það er tilfellið að fjármálafyrirtæki í slitameðferð hafa verið að greiða iðgjöld í innstæðutryggingasjóð á þeim tíma sem þau hafa sætt slitameðferð og þeim iðgjöldum hefur verið ætlað með einhverjum hætti að tryggja vernd skv. 1. mgr. 9. gr. laganna kann við þessa lagasetningu að stofnast endurkröfuréttur vegna slíkra iðgjalda. Því kann að vera rétt að huga að þessu atriði við sjálfa lagasetninguna nú og tryggja endurgreiðslu slíkra iðgjalda. Greinargerð laganna er í það minnsta óljós um þetta atriði og ekki tæmandi.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,

Sigurður Guðmundsson, hdl.

Reykjavík, 12. mars 2015

Nefndarsvið Alþingis

Alþingi við Austurvöll

Varðar: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um innstæðutryggingar og og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, mál 581.

Vísað er til tölvubréfs frá nefndarsviði Alþingis dagsett 9. mars síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar Samtaka fjármálafyrirtækja um ofangreint mál.

Efni frumvarpsins er að undanþiggja frá tryggingavernd innstæður fjármálafyrirtækja í skila-, slita- eða gjaldþrotameðferð og fyrirtækja sem hafa misst starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki.

Samtök fjármálafyrirtækja gera ekki athugasemd við efni frumvarpsins og mæla með samþykkt þess.

Virðingarfyllst,



Yngvi Örn Kristinsson



17. mars 2015
Tilv. 1503066

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
nefnasvið@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um innstæðutryggingar (undantekningar frá tryggingavernd).


Með tölvupósti óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum (undantekningar frá tryggingavernd), 581. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að innstæður fyrirtækja sem svipt hafa verið eða skilað hafa inn starfsleyfi sínu sem fjármálafyrirtæki njóti ekki verndar innstæðutryggingakerfisins, þ.e. Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Verði frumvarpið að lögum ætti ekki að vera neinn vafi um stöðu innstæðna fyrirtækja sem svo háttar um, hvort sem slitum er formlega lokið eður ei.

Seðlabanki Íslands styður samþykki frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Eggert Þ. Þórarinnsson
staðgengill framkvæmdastjóra